

## Atvinnumálahópur

Fundur var haldinn í Atvinnumálahópi hjá Reykjavíkurborg fimmtudaginn 15. apríl 2010 í Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3-5, og hófst fundurinn kl. 15:00

Mætt voru: Oddný Sturludóttir, Sóley Tómasdóttir, Rafn Einarsson, Markús H. Guðmundsson, Helga Björg Ragnarsdóttir, Sigurður Snævarr og Guðfinnur Þór Newman.

Hallur Páll Jónsson mannauðsstjóri, Lárus R. Haraldsson, Hans Orri Kristjánsson, Ragnhildur Ísaksdóttir og Gerður Dýrfjörð mættu á fundinn. Auk þeirra mættu þau Svanhildur Konráðsdóttir frá Menningar- og ferðamálasviði og Natan Kolbeinsson og Daníel Gylfason frá Reykjavíkurráði ungmenna til þess að tillögur sínar frá sameiginlegum fundi ungmennaráðanna og borgarstjórnar.

### Þetta gerðist:

**1. Ferðamannaborgin Reykjavík- tækifæri í atvinnumálum tengd ferðamennsku- Svanhildur Konráðsdóttir sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs**

Svanhildur kynnti erindi um tækifæri í atvinnumálum.

Fór yfir stöðu ferðaþjónustunnar innan annarra atvinnugreina og gerði grein fyrir helstu tækifærum til eflingar ferðaþjónustu í Reykjavík.

**2. Tillögur frá Reykjavíkurráði ungmenna um annars vegar sumarstörf og hins vegar skapandi miðstöð fyrir ungt fólk.**

Natan Kolbeinsson Ungmennaráði Kringluhverfis kynnti tillögu sína um atvinnu ungmenna yfir sumartímann. Unglingar sem eru 17 ára fá ekki vinnu hjá Vinnuskólanum og hafa ekki rétt til atvinnuleysisbóta fyrr en við 18 ára aldur. Reykjavíkurborg verður að huga að úrræðum fyrir þennan hóp. Daníel Gylfason Ungmennaráði Miðborgar og Hlíða kynnti tillögu sína um Sköpunarmiðstöð fyrir ungmenni í umsjón ungmenna. Hugmyndin gengur út á að koma á fót í Kaaber húsinu sambærilegri aðstöðu og ungmenni höfðu í Austurbæjarbíói síðastliðið sumar.

*Atvinnumálahópur þakkar Natani Kolbeinssyni og ungmennum í ungmennaráði Kringlu, Háaleitis og Laugardalshverfi fyrir tillögu sína um atvinnu ungmenna yfir sumartímann. Atvinnumálahópur tekur undir áhyggjur ungmennanna og sumarstörfum þeim til handa og útrekar þá skoðun sína að Reykjavíkurborg gegnir mikilvægu hlutverki sem atvinnurekandi gagnvart ungu fólki yfir sumartímann. Þá ber ekki síst að horfa til yngsta aldurshópsins, þ.e.a.s. 17 og 18 ára aldursins. Atvinnumálahópur óskar eftir útreikningum á því hversu mörg ungmenni 17 og 18 ára, sem sækja um störf hjá Reykjavíkurborg, fá ekki störf hjá Reykjavíkurborg. Eins er útrekað að gott samráð verði haft við ungmenni þegar*

*kemur að allri ákvarðanatöku um breytingar á atvinnumálum ungmenna, allt frá Vinnuskólanum og upp í eðli og gerð sumarstarfa eða tómstundatilboða fyrir ungmenni og unglinga í Reykjavík.*

*Atvinnumálahópur þakkar Daníel Gylfasyni og ungmennum í Miðborg og Hlíðum fyrir tillögu sína um Sköpunarmiðstöð fyrir ungmenni í umsjón ungmenna. Atvinnumálahópur telur brýnt að borgin hugi að tilboðum fyrir ungt atvinnulaust fólk yfir sumartímann, með því að nýta laust húsnæði, ráða tómstundaráðgjafa eða veita sérstöku fjármagni (pottum) til handa ungu fólki sem vill skapa sér verkefni yfir sumartímann.*

**3. Staðan í umsóknum um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg- Lárus Rögnvaldur Haraldsson frá Vinnumiðlun ungs fólks**

Lárus kynnti fjölda umsókna um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg.

**4. Yfirlit yfir afgreiðslu úthlutunarhópa.**

Hans Orri Kristjánsson fór yfir samþykktar umsóknir vegna úthlutana fyrir verkefni í þágu ungs fólks.

Sóley Tómasdóttir lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Atvinnumálahópur samþykkir að endurskoða erindisbréf vegna úthlutunar fyrir verkefni í þágu ungs fólks með það að markmiði að styrkja verkefni á vegum borgarinnar, enda verði það til þess að fjármagnið nýtist betur. Jafnframt verði vinnutími og vinnuframlag skilgreint af hálfu borgarinnar.“

**Afgreiðslu tillögunnar frestað**

**5. Verkefnisstjóri- Ragnhildur Ísaksdóttir**

Ragnhildur Ísaksdóttir er nýráðin verkefnisstjóri á Mannauðsskrifstofu en hlutverk hennar er að halda utan um úthlutanir til atvinnuskapandi verkefna á vegum borgarinnar.

Ragnhildur fór yfir fyrirliggjandi verkefni og helstu áherslur þeim tengdum.

Fundi slitið kl. 17:10